

Nd.

85. Frumvarp til laga

[79. mál]

um breyting á lögum nr. 102 frá 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Þórarinn Sigurjónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna D. Suðurland bætist nýr töluliður, sem verði D. 8, svo hljóðandi:

Skipum, 105 brúttórúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febr. til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvisandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°45,6' n.br. 20°49,0' v.lg.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 1. gr. þessa frv. er tekið orðrätt úr lögum nr. 21 frá 1969, um breyt. á l. nr. 62 frá 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, að öðru leyti en því að austurmörk veiðisvæðis þess, sem um ræðir, eru nú miðuð við austurkant Ystakletts og Faxaskersvita í stað Urðarvita og Faxaskersvita, en Urðarvitinn fór undir hraun í eldgosinu 1973 og verður því ekki lengur við hann miðað. Hér er um litla breytingu að ræða og mörkin nú dregin að vesturmörkum svæðisins Suðurland D. 5 í gildandi lögum.

Þegar lögin um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni voru samþykkt á Alþingi 19. des. 1973, féllu ákvæðin um veiðiheimild á þessu svæði út, en útgerðarmenn og sjómenn í Vestmannaeyjum, sem togveiðar stunda, telja það mjög til óhagræðis fyrir sig og hafa farið fram á við þingmenn kjördæmisins að þetta verði leiðrétt.

Á það skal bent að aðeins er farið fram á að svæði þetta verði opið til veiða á tímabilinu frá 15. febr. til 16. apríl, eða í tvo mánuði, og að hér er um algera hliðstæðu að ræða við svæðið Suðurland D. 6 í gildandi lögum, nema það svæði er opið til veiða frá 1. jan. til 15. sept. eða í 8½ mánuð.